




Varðar: Skúlagata – endastöð Strætó – framkvæmdaleyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. febrúar 2024 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 22. febrúar 2024, um framkvæmdaleyfi fyrir tímabundna skiptistöð Strætó sem felst í lóðarfrágangi á lóð norðan við Skúlagötu við gatnamót Klapparstígs.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulagsbreyting, samþykkt í borgarráði 25. janúar 2024


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir svæðið borgarluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðborgarsvæði M1b - blönduð miðborgarbyggð, skrifstofur og þjónusta.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Skúlagötusvæði, samþykkt 13. maí 1986 með síðari breytingum.

Lýsing á framkvæmd

Verkið felur í sér gerð tímabundinnar skiptistöðvar fyrir Strætó og gerð starfsmannaaðstöðu vagnstjóra. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda umhverfis Hlemm þarf að koma fyrir tímabundinni skiptistöð fyrir strætó og starfsmannaaðstöðu fyrir starfsmenn Strætó við Skúlagötu.




Yfirlitsmynd framkvæmda

Í því felst breytingar á yfirborðsfrágangi á borgarlandi skv. breyttu deiliskipulagi á svæði norðan við Skúlagötu við gatnamót Klapparstígs. Í verkinu felst upprif á hluta núverandi yfirborðs; malbiki, hellum, kantsteini og gróðri. Í verkinu felst einnig jarðvegsskipti á hluta svæðis, upprif núverandi niðurfalla, lagning nýrra niðurfalla í strætóreinar, gerð heimlagna fráveitu, vatn og rafmagns að starfsmannaaðstöðu og tengingu heimaæðar við

núverandi veitukerfi. Innifalið í verkinu er endurnýjun götulyásingar, yfirborðsfrágangur með hellulögnum af mismunandi gerð, nýjum kantsteinum, gróðri og yfirborðsmerkingum strætós. Innifalið í verkinu er einnig uppsetning á ruslafötum, skiltum og tímatöflustaurum. Strætóskylin og starfsmannaaðstaða er ekki innifalin í verkinu.

Framkvæmdin skiptist í tvo áfanga. Í fyrri áfanga er lítið svæði, sem að hluta til fer inn á Skúlagötuna sjálfa en í seinni áfanga framkvæmdarinnar eru unnið á bilastæðinu og þar í kring, ekki á Skúlagötunni sjálfri.



Yfirborðsfrágangur - grunnmynd

Umsögn

Erindið er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða enduruppbygging á vegi, gerð stiga og verulegar breytingar á fráveitu-, vatnsveitu- og rafveitulögnum. Framkvæmdin telst umfangsmikil og henni mun fylgja rask fyrir íbúa og gesti götunnar. Framkvæmdin mun breyta ásjáð svæðisins til hins betra.

Framkvæmdatími: Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka. Í umsókn um framkvæmdaleyfi er gert ráð fyrir að framkvæmdir taki um einn og hálfan mánuð og eru áætluð verklok 20. maí 2024

Svæðið er skilgreint sem miðsvæði, M1b – blönduð miðborgarbyggð. Á svæði M1b er gert ráð fyrir stofnunum, skrifstofum og sérhæfðri þjónustu. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 um sjálfbær, lífvænlega og kolefnishlutlaus borg þar sem hún er hluti af uppbyggingu sjálfbærra borgarhverfa og vistvænna samgönguinnviða.

Í gildi er deiliskipulag, Skúlagötusvæði, samþykkt 13. maí 1986 með síðari breytingum. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi Skúlagötusvæðis er á svæðinu gert ráð fyrir svæði fyrir bilastæði ásamt hljóðtálma meðfram Sæbraut en austan við bilastæðin er afmarkaðir tveir byggingarreitir fyrir þjónustu. Með breytingu á deiliskipulaginu, samþykkt í borgarráði Reykjavíkur 25. janúar 2024, eru byggingarreitir fyrir þjónustu felldir út og afmarkað svæði fyrir skiptistöð Strætó þar sem komið verður fyrir biðstöðvum ásamt strætóskyllum. Afmarkaður er byggingareitur fyrir aðstöðuhús starfsmanna Strætó.

Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd á Skúlagötu við endastöð Strætó. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 um sjálfbæra, lífvænlega og kolefnishlutlaus borg þar sem hún er hluti af uppbyggingu sjálfbærra borgarhverfa og vistvænna samgönguinnviða. Framkvæmdin er einnig í samræmi við deiliskipulag, þar sem breyting á deiliskipulagi, í samþykkt í borgarráði Reykjavíkur 25. janúar 2024, gerir ráð fyrir tímabundinni skiptistöðu Strætó á þessum stað.

Verði breytingar á áætlun og ef framkvæmdir tefjast að miklu leyti, þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdarleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að um íbúðarsvæði er að ræða og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við íbúa götunnar og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu truflun og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé

snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess. Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflega um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti, henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Þekktar fornminjar eru á framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdaaðili skal fá fornleifafræðing til þess að hafa framkvæmdaefirlit með þeim framkvæmdum sem hafa jarðrask í för með sér. Á þetta einnig við jarðvegsframkvæmdir utan við skipulagsmörk. Ef komið er niður á minjar af því tagi að fornleifafræðingur telur ástæðu til þess að stöðva framkvæmd, ber að hafa samband við Minjastofnun varðandi framhald verksins. Þetta á einnig við um fornminjar sem áður voru ókunnar og finnast við framkvæmd verks.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri